

Guðrún Þórsson

Myndir
úr
ljóðheimi

Sýning að Kjarvalsstöðum 22. apríl — 10. maí 1982



Fyrri einkasýningar:

- í Hafnarstræti 1 1964
- í Bogasalnum 1967
- í Norraena húsinu 1973
- í Listasafni Árnessýslu á Selfossi 1976
- í Norraena húsinu 1978
- í Háhóli, Akureyri, 1980

Fylgt úr hlaði

Heimur myndarinnar og heimur ljóðsins; tveir ólikir heimar og þó furðu skyldir. Allir bekkja myndir, sem minna á ljóð, og kvedskapur skirskotar tíðum til hins myndræna. Í þetta sinn hef ég farið inn fyrir landamæri ljóðheimsins í þeim beina tilgangi að sækja þangað yrkisefni í myndir. Margsinnis hefur það verið gert áður; það er margra alda gamalt fyrirbæri í heimslistinni og íslenzkir myndlistarmenn hafa einnig unnið myndir við einstök kvæði eða verk einstakra skálda.

Í heimi ljóðsins er að finna umfjöllun um flest hugsanleg blaðbrigði mannlífsins og náttúrunnar. Sumt i kvedskap er frásagnarlegs edlis, sumt er táknað eða þá að áherzlan er á einhverja stemmningu. Loks eru þær yrkingar, sem telja verður súrealiskar.

Yfirbragð sýningar af þessu tagi fer að nokkru leyti eftir því, hvar leitað er fanga. Þegar grannt er skoðað verður að telja að hér hafi öllu fremur verið leitað fanga í þeim ljóðum, sem gætu talist af rómantiskum toga spunnin. Þó er viða farið út fyrir þann ramma. En hvers edlis, sem sá kvedskapur er, og þau föng, sem þar er að hafa, hef ég reynt að túlka á frjálslegan hátt innsta kjarnann eins og hann kemur mér fyrir sjónir. Ég hef ekki bundið mig við smáatriði; ekki hugsað verkin sem myndskreytingar eða lýsingar, enda er viða bætt við ýmiskonar myndrænum skáldskap, sem á rót sina að rekja til eigin hugmyndaflugs og á sér ekki uppsprettu i viðkomandi ljóðum. Tengt hugmyndaflugi er orðið fantasia, sem notað er viða um heim og hefur unnið sér begnrétt í íslenzku. Þetta orð lýsir því bezt, hvað hér er á ferdinni; í flestum myndanna er eitthvað, sem kalla mætti ljóðræna fantasiu.

Þau 60 ljóð, sem ég hef sótt föng í, eru að einhverju eða öllu leyti prentuð í sýningarskránni. Það er gert vegna þess að margir hafa yndi af kvedskap og finnst ef til vill frödlegt að gaumgæfa, hvernig hægt er að nota skáldskaparmál í myndir. Ljóðin eru hinsvegar ekki birt hér vegna þess að það sé nauðsynlegt sýningarinna vegna. Umfram allt er myndunum ætlað að vera sjálfstæð verk og þær eiga ekki að þurfa neinar skýringar eða texta með sér til þess að lífa á sinn myndræna hátt.

Gísli Sigurðsson.

- 1. Kvöld með rauðri skikkju og bláum faldi**
Við KVÖLD I RÖM eftir Einar Benediktsson.
- 2. Kolbeinn sat hæst á klettasnös**
Við ÁFANGA Jóns Helgasonar.
- 3. Úti ert þú við eyjar blár**
Við PULU eftir Kristmann Guðmundsson.
- 4. Blómarósir**
Við samnefnt ljóð Helga Sæmundssonar.
- 5. Í draumi sérhvers manns er fall hans falið**
Við ljóð Steins Steinarrs: Í DRAUMI SÉRHVERS MANNS.
- 6. Ris enn einn morgunn**
Við ljóð Matthiasar Johannessen: Á PINGVÖLLUM.
- 7. Evryðíke — ertu þarna enn**
Við ORFEUS eftir Snorra Hjartarson.
- 8. Haustið kom í nött**
Við HAUST eftir Snorra Hjartarson.
- 9. Gangan er stutt**
Við ÆVINTÝRAFERD eftir Úlf Ragnarsson.
- 10. Hvar hafa dagar lífsins lit sínum glatað?**
Við SÖKNUD eftir Jóhann Jónsson.
- 11. Lífið gengur sinn gang**
Við MIDVIKUDAG eftir Stein Steinarr.
- 12. Þú hlustar á þögninga**
Við PÖGN OG BRUNNA eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson.
- 13. Ek ríð hesti hélubarða**
Við visu úr Njálu.
- 14. Haustið grátt fyrir éljum**
Við HAUST eftir Tómas Guðmundsson.
- 15. Þá er betra að gleyma**
Við TORREK eftir Jóhannes úr Kötlium.
- 16. Sólbráð**
Við samnefnt ljóð Þorgeirs Sveinbjarnarsonar.
- 17. Furðustrandirnar mínar**
Við HEIMKYNNI VID SJÓ eftir Hannes Pétursson.
- 18. Skörin há að Hörgá er — og haltu þér**
Við MARTRÖÐ eftir Kristján frá Djúpalæk.
- 19. Myrkrið bláa í augum þínum**
Við BLÁBRÁ eftir Kristmann Guðmundsson.
- 20. Yfir hrapandi jörð**
Við TÍMANN OG VATNID (7) eftir Stein Steinarr.
- 21. Kögur og Horn og Heljarvík**
Við ÁFANGA eftir Jón Helgason.
- 22. Hún ris á fætur fátæk undir morgun**
Við PLÁSSID eftir Halldór Laxness.
- 23. Fagur-fjöllitur dagur**
Við ljóð Snorra Hjartarsonar: Á GNITAHEIDI.
- 24. Þú ert þessi undarlegi draumur**
Við ljóð Jóns úr Vör: UNDARLEGUR DRAUMUR.
- 25. Borgin sefur rótt við opna glugga**
Við ljóð Tómasar Guðmundssonar: VID VATNSMÝRINA.
- 26. Manstu eitt kvöld undir rökkur**
Við ÚTMÁNUÐI úr Þorpinu eftir Jón úr Vör.
- 27. Gerum oss glatt kvöld**
Við HELLISMENN eftir Þorstein frá Hamri.
- 28. Eldleg sól jarðar**
Við SÓL OG HRAFN eftir Jóhann Hjálmarsson.
- 29. Einhver á ferð**
Við GENGID HJÁ GARDI eftir Þorgeir Sveinbjarnarson.
- 30. Þar dorgar hann daga langa**
Við ljóð Tómasar Guðmundssonar: Í VESTURBÆNUM.

- 31. Ungur var ég**
Við ljóð Jónasar Hallgrímssonar: GRÁTITTLINGURINN.
- 32. Í sólhvítu ljósi**
Við TÍMANN OG VATNID (15) eftir Stein Steinarr.
- 33. Sól ek sá**
Við SÓLARLJÓÐ — Höfundur ókunnur.
- 34. Ofsinn og mildin búa þér undir bránni**
Við ÚTSÆ eftir Einar Benediktsson.
- 35. Hafkyrrðin mikla leggst yfir látur og hreiður**
Við ÚTSÆ eftir Einar Benediktsson.
- 36. En stoltastur ertu og stærstur í roki á haustin**
Við ÚTSÆ eftir Einar Benediktsson.
- 37. Þeir koma í byggð með haust í hverju spori**
Við ljóð Mattheisar Johannessen: VID ÁRMANNSFELL.
- 38. Máltíð á engjum**
Við samnefnt ljóð Ólafs Jóhanns Sigurðssonar.
- 39. Langt heim til manna**
Við ljóð Hannesar Péturssonar: JÓN AUSTMANN RÍDUR FRÅ REYNISTADARBRÆDRUM.
- 40. Frá vitund minni til vara þinna**
Við TÍMANN OG VATNID (10) eftir Stein Steinarr.
- 41. Í djúpinu milli okkar**
Við SPHINX eftir Ninu Tryggvadóttur.
- 42. Úr álögum hvítra skafla**
Við ljóð Mattheisar Johannessen: Ó, ÞETTA VOR.
- 43. Höllin er löngu hrunin**
Við ljóð Jóhanns Sigurjónssonar: ODDYSEIFUR HIÑN NÝI.
- 44. Tíminn er eins og vatnið**
Við TÍMANN OG VATNID (1) eftir Stein Steinarr.
- 45. Fyrr eða síðar**
Við ljóð Jóns úr Vör: SNÚRUSTAURINN OG HAMINGJAN.
- 46. Ég er dularfulla blómið**
Við ÞÖDVÍSU eftir Tómas Guðmundsson.
- 47. Brimsog rauðra loga**
Við ljóð Snorra Hjartarsonar: ÞAD KALLAR ÞRÁ.
- 48. Í draumi fjallaþjófs**
Við ÁFANGA eftir Jón Helgason.
- 49. Hrímið fellur á hár þitt**
Við LEIT eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson.
- 50. Sjá, Tíminn það er fugl sem flýgur hratt**
Við RUBAIYAT eftir Omar Khayyam.
- 51. Minjar um mannavist**
Við ADKOMU eftir Þorstein frá Hamri.
- 52. Þegar sólin skín á mig nakinn**
Við AUGNABLIKSMYND eftir Jóhannes úr Kötlum.
- 53. Sól ertu og sunnanblaer**
Við NAFN ÞITT eftir Kristmann Guðmundsson.
- 54. Oft kom hann hér að liðnum löngum degi**
Við BÓLUGIL eftir Hannes Pétursson.
- 55. Fáir vissu að vorið beið**
Við ISLENZKT VÖGGULJÓÐ eftir Halldór Laxness.
- 56. Það var ekkert vor**
Við MAIHRET eftir Þorgeir Sveinbjarnarson.
- 57. Sá einn er skáld**
Við KVÆDID UM FUGLANA eftir Davið Stefánsson.
- 58. Veitztu að vonin er til**
Við VONINA eftir Þurið Guðmundsdóttur.
- 59. Senn eru dagar sóleyjanna taldir**
Við ljóð Hannesar Péturssonar: Í VARPANUM.
- 60. Vindurinn þýtur og veggina ber**
Við ÓRAD eftir Jóhann Gunnar Sigurðsson.

Ljóðin sem hér er vitnað til, eru birt á næstu síðum — í heilu lagi eða að hluta, og einkennd með sömu númerum.

1

Einar Benediktsson KVÖLD Í RÓM

— bret —

Tíber sigur seint og hægt i aegi,
seint og þungt — með timans göngulagi.
Loft er kyrri. Ei kvíkar grein á baðmi. —
Kvöld með rauðri skykkju og bláum faldí.
— Sál míni berst til hafs í fjótsins faðmi.
Fyrir hug mér sveima lönnar tóðir:
Svifa á borði eftir aldir, lýðir,
eins og sýning skuggamynda á tjaldi. —

Mást skal lína og litur, steinn skal eyðast,
Íistarneistinn í þeim skal ei deyðast.
Perlan ódaudlega í hugsans hali
hefjast skal af rústum þjóða og landa.
Komi hei og kasti mold og grafi,
kvistist lífsins trú á dauðans arin,
sökkvi jarðarknorr í myrka marinn
myndasmiðar andans skulu standa.

6

Matthías Johannessen Á PINGVÖLLUM

Með þungan ilm við andlit hrauns og valla
nis enn einn morgunn, kemur hægt og fer
um gamlar hestagötur, sprýr að þér
er gengur um á lyngivöxnunum hjalla

sem Jónas forðum, hlustar, heyrir niða
við hraun og mosu lóngu storknað blöð.
Hér slær þitt hjarta, land sem ert þitt ljóð
laust úr fjótrum uggs og hungursvíða;

og — þei — þú hlustar, heyrir mosann gróa
við híjóða mold og fagnar nýrri sót;
þú veizt að timinn klæðir land sem kól
urz kliðar allt af fuglasöng i móa.

7

Snorri Hjartarson ORFEUS

Pegar Orfeus hafði lokið leik sinum og söng
frammi fyrir guðum myrkheims
hinum elifu og miskunnarlausu
viknuðu þeir og urðu við bón hans
að fá Evryðike með sér til jarðar
með því skilyrði einu
að hann ekki liti aftur á leiðinni
og þau héldu pegas af stað

upp dímm göng og brött
fluglættum sporum
söngvarinn með lýru sina um öxl
bruði sina að baki
fram gegnum rökkrið
híjóðlaust og kalt
til lifandi hamingju og ljóss

ó þú sem ég hef hrifioð úr óskapnaði dauðans
með ást minni ljóði mínu og söng
Evryðike
ertu þarna enn

og hann gleymdi sér og braut
hið stranga skilyrði guðanna

2

Jón Helgason ÚR ÁFÖNGUM

Þverhöggvið gnápir þúfubjarg
þrútið af lamstri veðra;
Ægir greiðir því önnur slög,
ekki er hann mildur héðra;
Iðkuð var þar á efstu brún
íþróttin vorra feðra:
Kolbeinn sat hæst á klettasnös,
kvaðst á við hann úr neðra.

3

Kristmann Guðmundsson ÞULA

— bret —

Mörg er æskuminning sár,
man ég þig lögum.
Úti ert þú við eyjar blár,
en ég er að dröngum.
Úti ert þú við eyjar blár
öðrum gefin sveini,
því er margt að meini.

4

Helgi Sæmundsson BLOMARÓSIR

Ilmandi leggja þær garða og torg undir fót
fagnandi laugast þær kosheitum morgunblaði,
þegar sólin dansar og skín
og spinnur geislapræði endalaust
brosandi taka þær kveðju elskhuga sinna
hlæjandi snúa þær við þeim baki,
njóta sín á voru og sumri
en falla næsta haust.

5

Steinn Steinarr Í DRAUMI SÉRHVERS MANNS

— bret —

Í draumi sérhvers manns er fall hans fallið.
þú ferðast gegnum dimman kynjaskógi
af blekkingum, sem brjóst þitt hefur allið
á bak við veruleikans köldu ró.

8

Snorri Hjartarson HAUST

Í dag er heiðin hélugrá og rauð
því haustið kom í nótt, ég sá
það koma vestan vatn í gegnum svefninn;
vatnið er hemað þar sem slóð pess lá.

9

Úlfur Ragnarsson ÆVINTÝRAFERD

— bret —

Andlitið jarðar hulið hvitri grímu
horfir við geimsins myrka næturhylli.
Altekinn verð ég undarlegri vímu
óraðu svefnis og vöku millibill.

Brjóstholið fyllist furðu létturnum hlátri.
Framar er eigi líkaminn til tafar.
Blasir nú við í gleði galsakátri:
Gangan er stutt frá vöggunni til grafar.

10

Jóhann Jónsson SÖKNUDUR

— brot —

Hvar hafa dagar lífs þins lit sinum glatað?
Og líðin, er þutu' um þitt blöð frá draumi til draums,
hvar urðu þau veðrinu að bráð, ó barn, er þig hugðir,
borið með undursamleikans
eigin protlausán brunn þér í brjóstil!
Hvar . . . ?

Við svofeld annarleg orð,
sem einhver rödd lætur falla
á vorn veg — eða að því er virðist,
vindurinn blað gegnum strætin,
dettur oss, svefnögum vanans, oft drykklanga stund
dofinn úr stirðnuðum línum.
Og spunahljóð tómleikans lætur í eyrum vor lægra.
Og leiðindin virðast í úrvinda hug vorum sefast.
Og eitthvað, er svefnfum líkist, á augnlok vor andar,
vér áttum oss snögvgast til hálfis, og skilningi lostin
hrópar í alsgáðri vitund
vor sál:
Hvar?

O hvar? Er glatað ei glatað?
Gildir ei einu um hið líona, hvort grófu það ár eða eilið?
Unn þú mér heldur um stund, að megi ég muna,
minning, hrópandi rödd,
ó dvel!

En æ, hver má þér með höndum halda,
heilaga blekking!
Sem vængjablik svitandi engla
í augum vaknandi barna
ert þú hverful oss, hversdagsins þraelum.
Og óðar en sé oss það ljóst, er undur þitt drukknad
í aði mágins og glaumsins.

Svo höldum vér leið vorri áfram, hver sína villigötu,
hver í sinu' eigin lífi vegvillt, framandi maður;
og augu vor eru haldin og hjörtu vor trufluð
af hefð og löggörnum vana, að ljúga sjálfan sig dauðan.

En pei, pei, pei — svo djúpt sem vor samvizka sefur,
oss sönglar þó allan þann dag
við eirðarlaus eyrun
eitthvað, því líkt sem komið sé hausthljóð i vindinn,
eitthvað, því líkt sem syngi vor sálaða móðir
úr sjávarhljóðinu' í fjarska.
Og eyðileik prungið
hvíslar vort hjarta
hjótt út í bláinn:
Hvar? . . . Ó hvar?

11

Steinn Steinarr MÍDVIKUDAGUR

Mídvikudagur. — Og lífið gengur sinn gang,
eins og guð hefir sjálfur í öndverðu hugsað sér það.
Manni finnst þetta dálitið skrytið, en samt er það satt,
því svona hefir það verið og þannig er það.

12

Ólafur Jóhann Sigurðsson ÞÖGN OG BRUNNAR

— brot —

Þú hlustar á þögnina og veizt að vor þitt er líðið:
Vorið þitt líona bírtist þér aldrei framar.
Aldrei sumar, en samt áttu ferð fyrir höndum.
Sönglausá vegi? dulfaðu húms og frostu?

13

ÚR NJÁLU

(Hildiglúmur á Reykjum sá mann, svartan sem bik, riða
gandreið yfir himininn; kvað hann visu og þótti þetta fyrir-
boði stórtiðinda.)
Ek rið hesti
hélubarða,
úrigtoppa.
Eldr er í endum
eitr er í miðju;
svá er um Flosa ráð
sem fari kefli;
ok svá er um Flosa ráð
sem fari kefli.

14

Tómas Guðmundsson HAUST

— brot —

Fálát og köld ris foldin móti nýjum degi
og framandi á sinum hnerti dagurinn vaknar.
Hann horfir á jörðina kviðinn eins og hann eigi
þar einskis framar að vænta af því, er hann saknar.
Því höflin sellast um óraveg eftir þeim skeljum,
sem áður voru leikföng glaðværra barna,
og austan um heiðar fer haustið grátt fyrir éljum,
en himininn sortnar að baki fjarlægra stjarna.

15

Jóhannes úr Kötłum TORREK

— brot —

Gnyja og gnauda
gneypivindar
— ymja þá hrannir
hrókkur spörr í holu
hagi úr auga
bera af skeri
blöð nemur stað í að.

Votur er og votur er
vakenda hvármur
— þá er betra að sofa
sofa í jökli
þá er betra að gleyma
gleyma í jökli
óllu því sem áður var
og áður var.

16

Borgeir Sveinbjarnarson SÓLBRÁÐ

Feginshugur og feginsdraumar
á léði og legi.
Sólarglit og mildir straumar
á maidegi.

Í einni svípan yngist byggðin,
og eins er sálín.
Eyðist fónnin og sjatnar hryggðin
um sumarmálin.

Situr álfur með óskahúfu
á gráu grjóti.
Gróðurnál í sinupúfu
sunnan í móti.

17 Hannes Pétursson ÚR HEIMKYNNUM VID SJÓ

40 — brot —
Kjárák í grjóti
Kvíka. Már yfir djúpi.
bönglar og söl.
Svalvindar utan af Flóa.

Sjávarströnd.
Stundirnar líða
bláar eins og hafið
brúnar og grænar eins og sveitin.

Þessar fjörur sem ég geng
eru Furðustrandirnar mínar.

18 Kristján frá Djúpalæk MARTRÖD

Í bóli sínu brauzt um fast
á Bægisá
ein griðka ung, sem Guðrún hét,
og greindí frá:
Mig dreymdi feigð míns festarmanns
og Faxa hans.

„Ég skíldi eftir utangarðs
minn unga jó,
sá kemur seint, er krapið drakk,
en kemur þó.
En nú skal ekki nokkurs spurt,
Ég nem þig burt.

—
Og Faxi okkur bæði ber,
að baki þú.
Það reifar tungliskin rifahjarn,
og riðum nú.
En skörin há að Hörgá er,
og haldu þér.“

Á milli fjalla mjöllin rauk,
og máninn leið.
Og dimmblár ísinn dundi við,
og dauðinn reið.
Og hattur lyftist hnakka frá,
í hvítt þar sá.

19 Kristmann Guðmundsson BLÁBRÁ

Myrkrið bláa í augum þínum
fylti aðar mínar söng.
Gul bírta lapanna,
reykský í salnum,
dýnur margra radda,
en blá kyrró hjá þér.
Myrkrið bláa í augum þínum
gaf hjarta mínu þogn.

Vina míni, Blábrá,
brosin í feluleik á vörum þínum,
og söngnum um munninn unga,
munninn þinn mjúka,
svara bláar hörpur í hjarta mínu,
svavar blátt myrkrið í ljóma augna þinna

20 Steinarr Steinarr ÚR TÍMANUM OG VATNINU

7
Himinninn rignir mér
gagnsæum teningum
yfir hrápandi jörð.

Dagseldur ijós,
í kyrstæðum ótta
gegnum engil hraðans,
eins og gler.

Sofa vængblaðar hálfnaetur
í pakskeggi mánans,
koma mannstjörnur,
koma stjarnmenn,
koma syfjuð vötn.

Kemur allt
kemur ekkt,
gróð bylgjandi maurildum,
eins og guð

Guð.

21 Jón Helgason ÚR ÁFÖNGUM

Kögur og Horn og Heljarvík
huga minn seiða lóngum;
taetist hið salta sjávarbrim
sundur á grýttum töngum;
Hljóðabunga við Hrolliægsborg
berðir á striðum söngum,
meðan sinn ólma organleik
ofviðrið heyr á Dröngum.

22 Halldór Laxness PLÁSSID

Lángt fyrir handan hafið salta gráa,
þar hímil pláss á bökkum úflins sjávar,
þar flökta guði sviftir menn og mávar,
móðirin vakir í tómtíhusínu lága.

Parna er ein snót sem bekkti ég dálitið tyrrum,
bessari hef ég sofið á armi stundum.
Í ást og hatri úng við saman undum.
Nú andvarpar hún fól á beði kyrrum.

Hún ris á fætur fátaek undir morgun.
Fulslegir vindar blása í kaupstað slíkum,
þeir elskja rifur á fátaeklegum flíkum
þess fólk sem stritar og sér þó aldrei borgun.

23 Snorri Hjartarson Á Gnitaheiði

Sá ég ei fyrr svo fagur-
fjöllitan dag; nýr
snjör í graenu grasi; rauð
og gul lauf í snjónum,
fellið ris úr ryðbrúnum trjánum mjall-
rekið og blátt, stál-
gljátt og silfurhvitt: söng-rún
á sverð-tungu. Myrknaettli skribur
úr höll hins glóðrauða gulls. Hver
gengur til vigs í slóð þess? dagur, ó líf!

24

Jón úr Vör UNDARLEGUR DRAUMUR

bessir undarlegu draumar

Mér þótti sem grös morgunsins væru enn döggvuð, uppúr myrkum sverði, þar sem augu míni krupu, spretta þetta eina blóm.

En um leið og það snerti augu míni varð einnig það að tveimur fagnandi augum, sem áttu brýnt erindi við míni.

Og enn — það var eins og væri enginn tími — var ósk míni örðin að ungri stílku og ég var maður.

pú pú
þú ert bessi undarlegi draumur.

Síðan bý ég við stöðugan ótta haldinn þeiri hraðilegu vissu, að ef augu míni hvili ekki stöðugt á þér sérst þú ekki lengur til, heldur aðeins moldin í höndum mínum.

25

Tómas Guðmundsson Við vatnsmýrina

Astfanginn blær í graenum garði svæfir grósin, sem hljóðlat biðu sólarlagsins. En nöri i myri litla löan æfir lögfin sín undir konsert morgundagsins.

Og úti fyrir hvila höf og grandar, og hljóðar öldur smáum bárum rugga. Sem barn í djúpum blundi jörðin andar, og borgin sefur rótt við opna glugga.

Og þögnin, þögnin hvíslar hálfum orðum. — Hugurinn minnist söngs, sem löngu er dáinn. O, sál míni, sál míni. Svona komu forðum sumurin öll, sem horfin eru í bláinn. —

Ó blóm, sem deylið. Björku völkunætur, sem bráðum hverfið inn í vetrarskuggann. Hvers er að biða? Haegt ég ris á fætur, og hljóður dreg ég tjöldin fyrir gluggann.

26

Jón úr Vör ÚTMÁNUÐIR

úr þorpinu — bret —
Og manstu eitt kvöld undir rökkur þú stóðst í fjöru með fóstru þinni. Þið horfouð með ugg á frosna hlunna, út á fjörðinn, til himins, — þið áttuð von á líllum báti fyrir eyrarodda, en hann kom ekki.

Og rökkríð varð að þungu myrkri með veðurhljóði, þögn og tárum í kodda, og þú sofnaðir einsamall i of stóru rúmi.

27

Borsteinn frá Hamri HELLISMENN

Stígum af hestum vorum valnastakkur fjögramaki þiðnik einkur dofinstjóll þegja að baki og hjörtu vor hlaðin kurt

alit
rennur í eina lygnu; bláskyggnd fiskivötn hljóð heildin og einsemd vor

höfum gát því vera má að senn renni upp mikil stund leggjum reiðtygi vor á eina þúfu saman gerum oss glatt kvöld góða nótt og gunnreifan dag saman.

28

Jóhann Hjálmarsson SÓL OG HRAFN

Eldleg sól jarðar skin þér í dag. Götur og torg færast nær. Þér er tilhökkun að nema líf borgarinnar, kyrrðina eftir nóttina, eftirventingu hádegisins. Hús og tré koma í ljós eins og boku léttl, fólk og blár himinn maðra augum þínum og milli gangstéttarheilna fara skordýr á stjá. I velðibjöllu og hrafni sérdú andstæður, hvitt og svart, dag og nótt. En sú rödd sem er hljómmest er krunk hrafnins. Það var fyrsta hljóð morgunsins og þegar kvöldar breiðist hamur hans yfir jörðina uns sól nís og boðar nýjan dag langra skugga.

29

Borgeir Sveinbjarnarson GENGID HJA GARDI

Hátið í dalnum.
I holtinu sunnan við ána er einhver á ferð.

Það er gleðin.

Það getur ei verið nein önnur, svo lettstig er hún. I læknum er dillandi hlátur og bros yfir baenum.

Bara hún komi nú heim.
Nei, hún fer

fyrir neðan tún.

30

Tómas Guðmundsson Í VESTURBÆNUM

— bret —
En sóldaginn sumarlangan fer saltlykt og tjöruangan um ströndina viða vega. Úr grjótinu gaegist rotta og gömlu bátarnir dotta í naustunum letilega.

En ábur en sól skin á sjóinn er síðasti karlinn róinn og lengst út á flóa farinn. Þar dorgar hann daga langa, með dula ásýnd og stranga og hönd, sem er hnýtt og marin.

31

Jónas Hallgrímsson
GRÁTITTLINGURINN

— brei —

Ungur var ég og ungir
austan um land á hausti
laufvindar blésu ljúfir,
lék ég mér þá að stráum.

Eg fann á millum fanna
i felling á blásverlli
löfálaga við þúfu
litinn grátittling sýta.

Flogið gat ekki hinn fleygi,
frosinn niður við mosa.
Augunum óttabljúgum
á mig skaut dýrið gráa.

32

Steinn Steinarr
ÚR TÍMANUM OG VATNINU

15

I sólþvitu ljósi
hinna síðhaerðu daga
þyr svipur þinn.

Eins og tæblátt regn
sé ég tár þin falla
yfir trega minn.
Og fjarlægð þin setur
í faðmi minnum
í fyrsta sinn.

33

ÚR SÓLARLJÓDUM

(Kvæði frá 13. ald
sem segir frá
dauda manns og fór
hans inni aðra til-
veru. Hófundur er
óþekktur.)

— bort —

Sól ek sá,
sanna dagstjörnu,
drúpa dynheimum i;
en Heifar grind
heyrdak á annan veg
þjóta þungliga.

Sól ek sá
setta dreystöfum;
mjök var ek þá ór heimi hallr;
máttug hon leizk
á marga vega,
frá því er fyrri var.

Sól ek sá, —
svá þótti mér
sem ek sæja göfgan guð;
henni ek laut
hinza sinni
aldaheimi i,

Sól ek sá, —
svá hon geisladoi,
at ek þóttumk væftki vita;
en gylfar straumar
grenjuðu annan veg,
blandnir mjök við blöð.

Sól ek sá
á sjónum skjálfandi
hraezlufullir ok hnippinn,
því at hjarta mitt
var hardla mjök
runnit sundri sega.

34

Einar Benediktsson
ÚTSÆR

— brei —

Til þín er min heimbrá, eyðimörk ógna og dýrðar,
ásynd af norðursins skapi i blíðu og striðu.
Hjá þér eru yngstu óskir míns hjarta skírðar.

Útsær — þú ber mér lífsins sterkstu minning.

— Ég sé pig hvila í hamrafanginu viðu;
ég heyrí pig anda djúpt yfir útskaiga grynnung.
Ótsinn og mildin búa þér undir bránni;
þú bregður stórum svip yfir dálitið hverfi,
þar lendingarþáran kveðst á við strenginn í ánni,
en upplit og viðmóti fólkssins tekur þitt gervi.

35

Því dagar sólina uppi um unaðsnætur.

Pá eldist ei líf við blómsins né hjartans rætur.

— Hafkyrrðin mikla leggst yfir látur og hreiður,
en lígeislinn vakir á þúsund sofandi augum.
A firðinum varpar öndinni einstöku reyður,
og uppi við land kasta sporðar glampandi baugum.
Báruraddrí i vogavöggunum begja.
Ein vísa er aðeins hvísluð niðri í ósi.
Timinn er kyrr. Hann stendur með logandi ljósi
og litast um eftir hverju, sem vill ekki deyja.

36

En stoltastur ertu og staerstur í roki á haustin.

Strandmölín grýtir landið, þú sellist í næstum.

Skyín, þau hanga á himminum slitin í tötra. —

það hriktrí i baenum, eins og kippt sé i fjötra.

— Þá bryðurðu gaddinn við grifandi bálastefnir.
Grunnsjörinn beljar um voginn, svo jarðirnar nötra.
En hafáttin er í húmi og blíkum til skipta;
hún hleypir skammdegisbrúnnum föl undir svefninn.
þá hamastu, tröllið. I himininn viltu lyfta
hyljum þíns eigin dýpis og álögum svipta.

37

Matthías Johannessen
VID ÁRMANNSFELL

Hvitir skaflar setjast síðla að
i sumardókkum vængjum fjalls og rjúpu
og skuggar landsins tina blað og blað
af birkigreinum, helðin fyllist djúpu

myrkri, en haegt, og aðeins undir kvöld.
því enn er veturn fjarri dagsins bláma
og sölin skin, þó hún sé kviðaköld
og kembir rauðar fléttur hrauns og gráma.

Úr efstu drögum rennur safnið, sér
að sólin bregst nú fólu lyngi og grasi,
og breyttir stinga gangnamenn úr glasi:

þeir koma í byggð með haust i hverju spori
hófadyn i eyrum — jarmið sker
kvöldssins þógn með klið af horfnu vori.

38

Ólafur Jóhann Sigurðsson
MÁLTÍD Á ENGXJUM

— brei —

Við setjumst á bakka sem blánar af umfeðningsgrasi,
en blærin flýtir að vitum ísúran þef
úr stararkeldum og straumlausum hornsílalaenum.

Við strjúkum af okkur erfiðissveitann og lítum
til hólma og hvamma, til áftahjóna með unga
á eyrkorni, og hafa fengið sér blund.

En handan vatnsins svifur í sólbreyeskjumóðu
sibungótt hraunið og lágvaxin birkikjörr.

39

Hannes Pétursson
JÓN AUSTMANN RÍDUR FRÁ REYNISTAÐARBRÆDRUM

Langt heim til manna, myrkar hriðar og ströng mörg vötum tálma leiðum, hann kvað, við biðum þó daufleg sé vistin; drjúg munu hraunin og breið en dreifður reksturinn; þó er ból ef við gistum hinnt hér á Kili.

Líðu dægur og dimm dundu veður á tjaldi. Fannbarðar kindur norpuðu í gjótum, klárar himdu í höm hraktrir og svangir. — Þó ei mér til byggða skili skal freistað að leita manna, því nú er nóg nauð okkar orðin, hann mælti. Geig síð að hinum er fór hann. Þeir biðu. Svo tygjaði hann tröllaukinn hest hjá tjaldinu, kvaddi, var horfinn i sama billi.

Hann fann brátt störviðrið að aðast, ýlfrandi síð isköldum éljum í vit sín, magna sér kraft og þrautseigju, vekja útsjón um bjarta byggð breiða dall með sölskin á hverju billi en fann þeð líka binda sig böndum við þá sem biðu í tjaldinu, sterkum, mörgum, og von beirra um líf eins og þunga á herðum unz varð beirra líf allt.

Hann reið yfir hraunin og loks er klárinna nam staðar þar dunaði í djúpum hylí dimmt fljótt sagði hann glaður: ó byggð, ó líf! Reið áfram til norðurs. Hraustlega hélt um taum sú hönd sem fannst dauð og ein niðri Blöndugill.

42 Matthias Johannessen
Ó, ÞETTA VOR

Enginn ötti við hretið sem laeddist inn í líf okkar eins og náladof, lagði svarta skugga á heiðar, en nú: þyfur um kjörr, lyng leyst úr álögum hvittra skafla, birkið réttir fram grænflingraðar hendur, sól þýðir auga hrauns og heiða, ár skriða úr hvitu hiði —

43 Jóhann Sigurjónsson
ODDYSEIFUR HINN NYI

Svikult er seiðblátt hafið og sigling afar löng. Einn hlustar Oddyseifur á óminnisgyðjunnar söng.

Marmarahöllin heima. Eg húmdökku skuggana sá maena eins og andvaka augu út á hinn dúnþjúka sjá.

Höllin er löngu hrunin hásaetið orpið sand. Það bar enginn kennsl á beinin sem bylgjan skolaði á land.

40

Steinn Steinarr
ÚR TÍMANUM OG VATNINU

10
 Frá vitund minni til vara þinna er veglaust haf.

En draumur minn glöði í dulkvíkri báru, meðan djúpið svaf.

Og falin sorg min naer fundi þínum eins og firðiblátt haf.

44 Steinn Steinarr
ÚR TÍMANUM OG VATNINU

1
 Timinn er eins og vatnið og vatnið er kalt og djúpt eins og vitund minn sjálf.

Og timinn er eins og mynd, sem er málum af vatninu og mér til hálfis.

Og timinn og vatnið renna veglaust til þurrðar inn í vitund minn sjálf.

41

Nína Tryggvadóttir
SPHINX

Giltandi lauf við gullrauðan himin og blikandi haf

— — —
 I fjórlublauum skugga fossandi æða lauztu yfir mig og sagðir: Sphinx, ég skil þig ekki, vitund minn týnist í hyldjúpum titring, sem um þig fer.

— — Eg sagði þér aldrei leyndardóm lífsins, þú vissir það ekki að snerting þín fæddi hinn dularfulla neista í djúpinu milli okkar sem er lífið sjálf.

45 Jón úr Vör
SNÚRUSTAURINN OG HAMINGJAN

Hamingjunni má líkja við afbryðissama konu sem hefur gefið þér ást sína og líkama sinn og allt þér börnin með kvöllum — Fyrir eða síðar velur þú á milli konunnar og orðsins, og sæði þitt fellur í grýtta jörð. Atlot þín gefur þú snúrustaur bernsku þinnar á beru holti þar sem vindarnir blása og selta hafssins er orðin þurr í moldinni.

Snúrustaurinn hefur engar rætur og er smíðaður í kross og þar muntu loks uppfestur í ómurleika karlmennskunnar til að gráta, gráta þínum ófrjóu tárum, þegar orðið, þegar einnig orðið hefur svikið þig.

46 Tómas Guðmundsson ÞJÓDVÍSA

— brei —

Eg hélt ég væri smámeyp og hugðist vera til eins og hitt fólkid um bæinn.
Og vorið kom og glöði um glugga mina og þil allan guðslangan daginn.

Og sextán ára varð ég á vegi hins unga manns.
Pá lá vorið yfir saenum.
Og sumarnætur margar ég svat í örnum hans.
Ég var saelust allra í bænum.

Og seinna vissi ég betur, að birtan hverfur ött
og brosin deyja á vörum,
því seinna hef ég vakað við sæng hans marga nöt.
Þeir sögðu hann vera á förum.

Pá talaði hann oft um hið undarlega blóm
sem yxi í draumi sinum.
Og orð, sem gáfu tungu hans töfrabjartan róm
urðu tár í augum mínum.

En systur minar, gangið þið stílt um húsið hans
sem hjarta mitt saknar.
Eg er dularfulla blömið í draumi hins unga manns
og ég dey, ef hann vaknar.

47 Snorri Hjartarson ÞAD KALLAR ÞRÁ

— brei —

Bú hlustar, heyrir þung
högg gjalla, sleggjur risa, falla ött
og fast og hátt, og belgi þjóta, blása
í brimsog rauðra loga, þjól og töng
gæla við stál, en heitar eggjar hvæsa
í herzluþró.
Og bergmálsöldur blóðs þíns falla, risa,
og brjóst þitt drekkur afslins gný.

48 Jón Helgason ÚR ÁFÖNGUM

Liggur við Kreppu lítil rüst,
leiðrnar ekki greiðar;
kyrja þar dimman kvæðasón
Kverkfjallavaettir reiðar;
fnið var í draumi fjallabjófs
farsældin norðan heiðar,
þegar hann sá eitt samfellt hjarn
sunnan til Herðubreiðar.

49 Ólafur Jóhann Sigurðsson LEIT

— brei —

I nött flugu fuglar til suðurs
og fylitu myrkrið þyt.
Nú gránar haginn af hélu
og heiðin ber rauðan lit.

Um seta þinn svifar trega
— sóttir þú langt yfir skammt?
Hrimið fellur á hár þitt,
en haldið skal áfram samt.

50 Omar Khayyam RUBÁIYAT

VII

Kom, fyrr þitt glas! Lát veita á vorsins eld
þinn vetrarsnjáða yfirbótarfeld!
Sjá, Timinn það er fugi sem flýgur hratt,
hann flýgur máske úr augsyn þér i kveld!

Magnús Ásgeirsson þyddi.

51 Þorsteinn frá Hamri ADKOMA

Minjar um mannavist
blótsyrði og tár
innan um stráin.
Eitt tún gróði.

52 Jóhannes úr Kötlum AUGNABLÍKSMYND

Þegar sólin skín á mig nakinn
í grænni brekku
og taert bergvatnið liður hjá
þú er sólskininið í mér
og ég í sólskininu
grasið í mér
og ég í grasinu
vatnið í mér
og ég í vatninu
og dauðinn er ekki til:
í óviti alvitundarinnar
skín ég og græ og lið fram
frá ellifö til elliföar.

53 Kristmann Guðmundsson NAFN ÞITT

— brei —

Nafn þitt er maer.
Björt af söng og þá birtist þú á vegi minum
þú komst til míni í eyðimörk hinnar illu þagnar
og gafst mér himinblámann að drekka.
Oafvitandi, eins og helgimynd,
snertir þú mig höndum þínum læknandi,
og blóð upprisunnar rann mér í æðar
af barnslega vankunnandi munni þínum.

Nafn þitt er hrund.
Björt af gáska og þá birtist þú mér,
sólt eru og sunnanblaer á hausti mínu,
uppsprettan í fjallbrekkunni,
lind dýjamosans.
og hve góðar eru hendur þína, vína mína,
hendur þína læknandi.
Oafvitandi, eins og helgimynd
snertir þú enni mitt og hjartastað.

Nafn þitt er kona,
Og úr draumnum um þig
skapaði maðurinn elliföina.

54 Hannes Pétursson BÓLUGIL

Klettagil bröngi með fossa er falla hátt
úr fjalli, brattar urðir, dumbräuð þíl
lyngsyllur grænar, grös á hrjúfum stöllum
nú gengur ekki framar lotið skáld
til fundar við þig grýtta götuslöð.

Oft kom hann hér að lönum löngum degi.
Í lönum heiðarhvömmum einn hann sat
og kvöldið leið við dyn þinn, djúpa gil.

Hann greypti þina fossa er falla þungt
fjór i hárri röð af gneipum snósum
í stókur, þar sem beiskju og bölli varpar
bláklappað innrím neðar orð af orði
rammauknu fallit; þar sem heiftarhug
hendinga milli stöðugt styrkar, hraðar
steypa í fossum bragorð traust og forn.

55 Halldór Laxness ÍSLENZKT VÖGGULJÓD

— brot —

Ég skal vaka og vera góð
vininum mínum smáa,
meðan óttan rennur rjóð,
roðar kambinn bláa,
og Harpa syngur hörpuljóð
á hörpulaufið gráa.

Stundum var í vetur leið
veðrasamt á glugga;
var ekki eins og væri um skeið
vofa í hverjum skugga?
Fáir vissu að vorið beið
og vorið kemur að hugga.

56 Þorgeir Sveinbjarnarson MAIHRET

Vor
spáði landið
búið í klaka
með kildatrefil um hálsinn.

Vor
fullyrtri ljósið
og læddist krókkloppið
um hráslagann.

Vor
stamaði lambagrasið.
En norðannæðingurinn
sagði því að þegja.
Það var ekkert vor.

57 Davið Stefánsson KVÆ DID UM FUGLANA

— brot —
Sá einn er skáld er skilur fuglamál,
og skærast ljómar það í barnsins sál.
Hann saurgar aldrei söngsins helgu vé.
Hann syngur líf í smiðjumó og tré.

Sá einn er skáld, sem skilur það og fann
að skaparinn á leikföng eins og hann
og safnar þeim í gamalt gullaskrin
og gleður með þeim litlu börnini sin.

Sá einn er skáld, sem þögull getur þráð
og þakkað guði augnabliksins náð.

58 Þuríður Guðmundsdóttir VONIN

Veiztu
að vonin er til
hún vex
inn í dimmu gili
og eigr þú leið
þar um
þá leitaðu
á syflunum
og sjáðu
hvar þau sitja
lítill og veikbyggð
vetrarblömin
lítill og veikbyggð
eins og vonin.

59 Hannes Pétursson Í VARPANUM

Senn eru dagar sóleyjanna taldir
síþyrstur blaerinn gripur í tömt
þegar hann staldrar við næst til að bergja á bikar
blómanna hér fyrir neðan, angandi skálum
þessarar brekku . . .

Senn eru dagar sóleyjanna taldir.
Ég sé þig í anda fella kviðatár
þegar þú finnur morgunkulið koma
koma inn um dýrnar, strjúka þér um brár.

Senn eru dagar sóleyjanna taldir.
Sumarið reyndist furðu stutt í ár.

60 Jóhann Gunnar Sigurðsson ÓRÁÐ

— brot —
Vindurinn býtur og veggina ber,
Komdu til Hervarar kveðju frá mér
segðu henni Hervöru að hún sé stúlkán míin
biddu hana að geyma vel barnagullin sín.

Segðu henni Hervöru að ást míin lífi enn
en hjartað sé að breytast og haetti vist senn.
Segðu henni Hervöru að signa mína gróf,
það verði mér látnum sú þægasta gjöt.